

36 Eftir sömu reglu skal lækka tekjuskatt allra annarra hjóna svo og einstaklinga,
29. maí sem greiða ættu sama tekjuskatt eða lægri en áðurgreind hjón, ef þau nytu ekki áðurgreindrar skattlækkunar.

Framangreind skattlækkun skal einnig gilda við ákvörðun gjaldárgjalda á árinu 1958.

13. gr.

64.—67. gr. laganna, að háðum meðtöldum, falli burt. 68. gr. laganna verður 64. gr.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu fyrst koma til framkvæmda við álagningu tekju- og eignarskatts fyrir skattárið 1957. Ákvæði 2. efnismálsgr. í b-lið 4. gr. kemur þó fyrst til framkvæmda árið 1959 við álagningu á tekjur ársins 1958.

Jafnframt eru felld úr gildi lög nr. 21 20. maí 1942, um stríðsgróðaskatt, og lög nr. 37 10. maí 1957, um aukinn skattfrádrátt til handa skipverjum á fiskiskipum.

Gjört í Reykjavík, 29. maí 1958.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson

37

24. maí

L Ö G

um breyting á lögum nr. 46 13. júní 1937, um samvinnufélög.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á. 3. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

a. 3. tölul. falli niður.

b. 6. tölul. orðist svo:

Arður af viðskiptum, er utanfélagsmenn kunna að hafa gert við félagið, að frádregnum opinberum gjöldum, sem á hann eru lögð, skal lagður í varasjóð, nema honum sé varið á annan hátt til almenningsparfa.

2. gr.

Fyrri másl. 24. gr. laganna orðist svo:

Í samþykktum félags skulu vera ákvæði um greiðslur í varasjóð og aðra óskiptilega tryggingarsjóði.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 24. maí 1958.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.